

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU VIÐ FUNAFOLD 42, LEIKSKÓLINN FUNI



Gildandi deiliskipulag fyrir Funafold 42 samþykkt í borgarráði 24.08.1993

INNGANGUR

Í deiliskipulagsbreytingunni er lagt til að stækka núverandi leikskóla í Funafold og gera þar 6 deilda leikskóla auk einnar leikskóladeildar sem staðsett verður í nærliggjandi trjálundi. Í dag er Funaborg tveggja deilda leikskóli. Lagt er til að stækka lóð leikskólans og fjölga bílastæðum. Lóð leikskólans verður stækkuð til suðurs. Færa til norðurs hjólastíg fyrir ofan núverandi lóðamörk.

GREINARGERÐ-GILDANDI DEILISKIPULAG

Í gildi er deiliskipulag fyrir Funafold 42 samþykkt í borgarráði 23.08.1993. Í dag er starfræktur á lóðinni Funafold 42, tveggja deilda leikskóli með 49 böm.


TEXTI ÚR GILDANDI DEILISKIPULAG FYRIR FUNAFOLD 42

Lóð Funafold 42 er 5426 m². Núverandi bygging er að hluta til tveggja-þriggja hæða og er 407,9 m² á stærð.


BÍLASTÆÐI

Á lóðinni eru 10 bílastæði og 7 skammtíamastæði.


| NÚVERANDI ÁSTAND | | | |
|------------------|-----------------------|-------------------------|-------|
| Heiti | Stærð lóðar | Núverandi byggingarmagn | NHL |
| Funafold 42 | 5264,0 m ² | 407,9 m ² | 0,077 |




Sneiðing í núverandi byggingu



Sneiðing A-A í viðbyggingu



Sneiðing í útídeild



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi mkv. 1:1000

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

Í deiliskipulagsbreytingunni er lagt til að stækka núverandi leikskóla í Funafold og gera þar 6 deilda leikskóla auk einnar leikskóladeildar sem staðsett verður í aðliggjandi trjálundi, alls sjö deilda leikskóla. Um er að ræða byggingarreit fyrir tveggja til þriggja hæða leikskólabyggingu. Lagt er til að hluti þaks á fyrstu hæð verði notað sem leiksvæði. Lóð leikskólans verður stækkuð og bílastæðum fjölgað. Núverandi gönguleið norðan megin við lóðina verður færð.

NÝBYGGING/VIÐBYGGING

Hluti byggingarinnar verður tveggja hæða en einnig er mögulegt að hluti byggingar sem að snýr að leikvelli verður þriggja hæða þar sem að landhalli leyfir. Möguleiki er á því að tengja saman fyrstu og aðra hæð núverandi byggingar við viðbyggingu. Byggingarreitur er hafður rúmur.

Hámarkshæð byggingar er tilgreind á sneiðingu. Leyfilegt er að lyftustokkur, þakbrún og handrið gangi yfir hámarks hæðarsetningu.

NÚVERANDI BYGGINGARREITUR

Leyfð verður stækkun á núverandi leikskólabyggingu. Núverandi leikskóli er að hluta til tveggja hæða en sá hluti byggingarinnar sem að snýr til suðurs er tvær og hálf hæð. Landhalli lóðarinnar er innbygginn í leikskólabygginguna.

LEIKVÖLLUR-TRJÁLUNDUR

Í aðliggjandi trjálundi verður komið fyrir stakstæðri byggingu fyrir eina leikskóladeild, trjálundurinn mun áfram þjóna hlutverki sínu sem almenningsrými í hverfinu. Lögð verður áhersla á það að nota grænar ofanvatnslausnir og viðhalda grænni ásýnd lóðarinnar og trjálundarins.

| TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU | | | |
|------------------------------------|-------------|-----------------------|------|
| Heiti | Stærð lóðar | Byggingarmagn | NHL |
| Funafold 42 | 7930 | 2200,0 m ² | 0,28 |

AÐKOMA

Aðkoma að lóð leikskólans fyrir akandi umferð er frá Funafold. Mögulegt verður að fjölga aðkomuleiðum gangandi og hjólandi inn á lóðina.

BÍLASTÆÐI/HJÓLASTÆÐI

Á lóðinni verður gert ráð fyrir allt að 30 bílastæðum þar af verða 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og stæði vegna vörumóttöku. Gert er ráð fyrir allt að 40 hjólastæðum á lóðinni. Þar af er helmingur þeirra í læstri yfirbyggðri geymslu. Leyfð verða hjólastæði og vagnageymslur innan lóðamarka.

NÝBYGGING-ÚTDEILD

Í trjálundi er leyfður byggingarreitur fyrir hús undir starfsemi fyrir leikskólann en þar verður útikennslustofa fyrir leikskólann. Kennslustofa skal falla að núverandi gróðri. Leyfilegt verður að byggja einnar hæðar hús. Allt að 140 m². Þakform er frjálst.

Aðkoma að útídeildinni verður frá leikskólanum og frá stígum trjálundinum. Trjálundurinn verður áfram aðgengilegur fyrir almenning. Óheimilt er að girða af eða afskemma í kringum nýbygginguna. Lögð verður áhersla á að viðhalda yfirbragði trjálundarins.

LÓÐAMÖRK

Núverandi lóðamörk leikskólans verða stækkuð sem að nemur meðal annara fjölgun bílastæða og aðkomu akandi. Einnig er lóðin stækkuð til suðurs. Við stækkun leikskólalóðarinnar til suðurs verður lögð áhersla á það að viðhalda núverandi yfirbragði svæðisins.

HVERFISVERND

Innan deiliskipulagsreitsins svæðisins er hverfisvernd. Samkvæmt skilgreiningu hverfisverndarinnar þarf þar að huga að nýtingu strandlengjunnar og skerða ekki aðgengi almennings að svæðinu. Staðsetning útídeildar og stækkun lóðar leikskólans fellur að markmiðum hverfisverndar varðandi nýtingu og aðgengi að svæðinu fyrir almenning.



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

Skýringar

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðarmörk
- Eldri lóðarmörk
- Núverandi bygging
- Nýr byggingareitur
- Lóðastærð
- Hverfisvernd

- 2 Hæð hús
- Göngustígur
- P Fjöldi bílastæða

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og samgönguráði

þann 26. febrúar 2020 og í

Borgarráði þann 12. mars 2020

Tillagan var auglýst frá 21. nóvember 2019 með athugasemdafresti til 6. janúar 2020.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt Stjórnartíðinda þann 20

| | | | |
|--|--|--|---|
| Hönnunarstjóri: Rúnar Gunnarsson 090550-7999 | | Samþykkt: | |
| Verk | Deiliskipulagsbreyting | Teikn nr. | 1 |
| | v. Funafold 42, | | 19018-DFUN 42 |
| | Leikskólinn Funi | | 1:1000 |
| | Afstöðumynd, sneiðing | | |
| Teiknað/hannað | AMB | Dags. | 24.10.19 |
| | | | A2 |
| | Rúnar Gunnarsson Dagný Helgadóttir Anna María Benediksdóttir | arkitekt FAI arkitekt FAI arkitekt | 090550-7999 220849-3769 220849-3769 |
| Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar | | | |
| Borgartúni 12-14, 105 REYKJAVÍK sími 411-8000 | | | |